



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is
545 8600

Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 8. nóvember 2023
Tilv.: UMH23100132/2.2

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skal í samræmi við 7. gr. laga nr. 60/2007 um Vatnajökulspjóðgarð skipa svæðisráð til fjögurra ára í senn fyrir hvert af fjórum rekstrarsvæðum Vatnajökulspjóðgarðs. Rekstrarsvæðin skulu rekin sem sjálfstæðar rekstrareiningar á ábyrgð þjóðgarðsvarðar og eru mörk rekstrarsvæða tilgreind í reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð nr. 608/2008, með síðari breytingum.

Í hverju svæðisráði sitja sex fulltrúar: þrjár fulltrúar tilnefndir af sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga sem eru á viðkomandi rekstrarsvæði, einn fulltrúi tilnefndur sameiginlega af ferðamálasamtökum á viðkomandi svæði, einn fulltrúi tilnefndur af útivistarsamtökum og einn fulltrúi tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum. Sömu aðilar tilnefna jafnmarga varamenn sem eru skipaðir með sama hætti. Svæðisráð kýs sér formann úr hópi sveitarstjórnarmanna og varaformann. Þjóðgarðsvörður situr fundi svæðisráðs.

Hlutverk svæðisráða Vatnajökulspjóðgarðs skv. 8. gr. laganna er að vera þjóðgarðsverði og stjórn Vatnajökulspjóðgarðs til ráðgjafar um málefni þjóðgarðsins á viðkomandi rekstrarsvæði, að vinna tillögu að verndaráætlun fyrir viðkomandi svæði, að gera tillögu að rekstraráætlun fyrir viðkomandi rekstrarsvæði innan þess fjárhagsramma sem því er ætlaður hverju sinni samkvæmt ákvörðun stjórnar og að gera tillögu að ráðningu þjóðgarðsvarða á viðkomandi rekstrarsvæði. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um verkefni og starfsemi svæðisráða Vatnajökulspjóðgarðs.

Hér með er þess óskað að Sveitarfélagið Hornafjörður tilnefni þrjá aðalfulltrúa og þrjá varafulltrúa í svæðisráð suðursvæðis í Vatnajökulspjóðgarði og að tilnefningar berist ráðuneytinu eins fljótt og við verður komið eða ekki síðar en 28. nóvember nk. á netfangið urn@urn.is ásamt kennitölu, heimilisfangi og netfangi viðkomandi.

Ráðuneytið vekur athygli á 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir tilnefningu og skipun fólks með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo

kynjaskipting sé sem jöfnust.

Vatnajökulspjóðgarður mun greiða útlagðan kostnað við fundi svæðisráðsins svo sem ferða- og uppihaldskostnað. Tilnefningaraðilar greiða annan kostnað vegna setu fulltrúa sinna í svæðisráðinu.

Fyrir hönd ráðherra

Stefán Guðmundsson